

KREFJANDI ÁRFERÐI

- Heildartekjur jukust um 9% milli ára og námu 399,0 milljónum USD samanborið við 367,3 milljónir USD árið áður.
- EBITDA nam 14,7 milljónum USD samanborið við 40,6 milljónir USD á síðasta ári.
- Þrýstingur á fargjöld, lakari sætanýting og einskiptiskostnaður vegna truflana í flugáætlun skýra lækkun á afkomu á milli ára.
- Eiginfjárhlutfall 32% í lok júní.
- Nettó vaxtaberandi skuldir nema 92,5 milljónum USD.
- Handbært fé og markaðsverðbréf nema 250,8 milljónum USD
- EBITDA spá 120-140 milljónir USD.

Þúsundir USD	2. ársfj. 2018	2. ársfj. 2017	Breyt.	% Breyt.	6 mán. 2018	6 mán. 2017	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Heildartekjur	398.906	367.300	31.606	9%	666.525	589.375	77.150	13%
EBITDAR	28.278	48.504	-20.226	-	21.978	46.879	-24.901	-
EBITDA	14.693	40.575	-25.882	-	-3.518	30.598	-34.116	-
EBIT	-19.798	9.725	-29.523	-	-66.011	-26.139	-39.872	-
EBT	-31.480	11.745	-43.225	-	-75.019	-25.593	-49.426	-
Tap / hagnaður tímabilsins	-25.728	9.910	-35.638	-	-60.256	-19.974	-40.282	-
Efnahagsreikningur								
Heildareignir	-	-	-	-	1.655.936	1.521.372	134.564	9%
Eigið fé	-	-	-	-	529.744	516.727	13.017	3%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	343.333	284.659	58.674	21%
Handbært fé og markaðsverðbréf	-	-	-	-	250.834	360.092	-109.258	-30%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	92.499	-75.433	167.932	-
Sjóðstreymi								
Handbært fé frá rekstri	60.062	90.801	-30.739	-34%	127.177	216.298	-89.121	-41%
Fjárfestingahreyfingar	-60.861	-51.297	-9.564	19%	-190.020	-127.079	-62.941	50%
Fjármögnunarahreyfingar	52.412	-6.416	58.828	-	83.214	17.104	66.110	-
Handbært fé í lok tímabils	241.058	336.022	-94.964	-28%	241.058	336.022	-94.964	-28%
Lykiltölur								
Afkoma USD cent á hlut	-0,53	0,20	-0,73	-	-1,25	-0,41	-0,84	-
Innra virði hlutfjár	-	-	-	-	13,56	13,07	0,49	4%
Eiginfjárhlutfall	-	-	-	-	32%	34%	-2,0 ppt	-6%
Veltufjárhlutfall	-	-	-	-	0,99	0,85	0,14	16%
Fjárfestingar, þúsundir USD	54.707	37.649	17.058	45%	246.090	84.928	161.162	-
Flutningatekjur % af heildartekjum	72,0%	73,8%	-1,8 ppt	-	69%	71%	-2,6 ppt	-4%
EBITDAR hlutfall	7,1%	13,2%	-6,1 ppt	-	3,3%	8,0%	-4,7 ppt	-59%
EBITDA hlutfall	3,7%	11,0%	-7,4 ppt	-	-0,5%	5,2%	-5,7 ppt	-
Hlutabréf íslenskar krónur								
Hæsta verð á tímabili	14,69	16,15	-1,46	-9%	16,55	23,53	-6,98	-30%
Lægsta verð á tímabili	11,41	13,13	-1,72	-13%	11,41	13,13	-1,72	-13%
Lokaverð tímabils	-	-	-	-	13,00	14,50	-1,50	-10%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	-	-	-	-	65.000	72.500	-7.500	-10%

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

„Við höfum undanfarið unnið að viðamiklum breytingum á félaginu sem munu skila sér í enn sterkara fyrirtæki til framtíðar. Þar hefur allt verið til skoðunar, meðal annars skipulag, stefna, leiðakerfi, flotauppbygging, fargjaldaflokkar og á hvaða sviðum félagið ætlar að starfa til framtíðar. Við höfum hafið ferli sem miðar að því að selja hótélreksturinn, í skoðun er uppbygging nýs tengibanka á Íslandi meðfram núverandi tengibanka og nýjar Boeing MAX vélar komu í flotann fyrir á árinu. Þá hafa verið gerðar umfangsmiklar breytingar á skipulagi félagsins. Markmiðið er að skerpa enn frekar á áherslum okkar í sölu og markaðsmálum annars vegar og þjónustu við viðskiptavinum hins vegar og styrkja þannig félagið.

Afkoma annars ársfjórðungs er lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Spár okkar um hækkandi meðalverð á síðari hluta ársins hafa hingað til ekki gengið eftir. Þetta gerist þrátt fyrir að olíuverð hafi hækkað mikið. Samkeppnin á mörkuðum hefur sjaldan verið meiri sem kemur fram með þessum hætti. Við gerum áfram ráð fyrir að til lengri tíma muni hækkun aðfanga leiða til hækkunar meðalverðs.

Aðstæður í rekstri flugfélaga eru vissulega krefjandi um þessar mundir. Icelandair Group er hins vegar í góðri stöðu til að takast á við áskoranir og nýta tækifæri sem upp kunna að koma við slíkar aðstæður.“

FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar Icelandair voru 1,1 milljón og fjölgaði um 2%.
- Sætanyting í millilandaflugi var 80,3% og lækkaði um 3,2 prósentustig milli ára.
- Herbergjanýting á hótélum félagsins var lakari en á síðasta ári.

	2. ársfj. '18	2. ársfj. '17	% br.
ICELANDAIR			
Farþegafjöldi ('000)	1.115,8	1.095,2	2,0%
Sætanyting (%)	80,3	83,5	-3,2 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	4.393,3	4.086,9	7%
Seldir sætiskílómetrar ('000.000)	3.529,4	3.414,0	3%
Meðal fluglengd í km	3.260,0	3.086,0	6%
AIR ICELAND CONNECT			
Farþegafjöldi ('000)	84,0	88,7	-5%
Sætanyting (%)	63,9	66,1	-2,2 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	48,9	52,0	-6%
Seldir sætiskílómetrar ('000.000)	31,3	34,4	-9%
LEIGUFLUG			
Flotanyting (%)	87,5	96,0	-8,5 %-stig
Seldir blokk tímar	9.027	6.584	37%
FRAKTFLUTNINGAR			
Seldir tonn kílómetrar ('000)	30.462	29.298	4%
HÓTEL			
Framboðnar gistinætur	99.739	95.703	4%
Seldar gistinætur	74.819	73.764	1%
Herbergjanýting (%)	75,0	77,1	-2,1 %-stig

Framboðnir sætiskílómetrar (ASK) hjá Icelandair jukust um 7% á milli ára á 2. ársfjórðungi. Meðalfluglengd jókst um 6% á milli ára sem skýrist af því að framboð jókst um 8% til N-Ameríku, en dróst saman um 1% til Evrópu. Markaðurinn yfir N-Atlantshafið var stærsti markaður félagsins með 56% af heildar-farþegafjölda á öðrum fjórðungi 2018. Hlutfallslega fjölgaði farþegum mest á heimamarkaðinum frá Íslandi, en fækkaði á ferðamannamarkaðinum til Íslands á milli ára.

Farþegar eftir mörkuðum '000	2. ársfj. '18	2. ársfj. '17	% br.	% hlutd. '18
Til	346,0	371,0	-7%	31%
Frá	149,3	130,9	14%	13%
Um	620,6	593,2	5%	56%
Samtals Icelandair	1.115,8	1.095,2	2%	100%

ÞRÓUN GJALDMÍÐLA

Uppgjörsmýnt Icelandair Group er USD. Tekjur á Q2 2018 eru 9% hærri en á sama tíma árið 2017. Á föstu gengi hækka tekjurnar um 6% milli ára.

Mynt	Meðalgengi 2. ársfj. '18	Breyting frá 2. ársfj. '17	Lokagengi 30.06 '18	Breyting frá 30.06 '17
ISK	0,010	1%	0,009	-3%
EUR	1,191	8%	1,167	2%
GBP	1,360	6%	1,320	2%
CAD	0,774	4%	0,761	-1%
DKK	0,160	8%	0,157	2%
NOK	0,125	6%	0,123	3%
SEK	0,115	2%	0,112	-6%

REKSTUR ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS

Þúsundir USD	2. ársfj. '18	2. ársfj. '17	breyting	% breyting
EBITDAR	28.278	48.504	-20.226	-42%
EBITDA	14.693	40.575	-25.882	-64%
EBIT	-19.798	9.725	-29.523	-
EBT	-31.480	11.745	-43.225	-
Tap / Hagnaður tímabilsins	-25.728	9.910	-35.638	-
EBITDAR %	7,1%	13,2%	-6,1 %-stig	-
EBITDA %	3,7%	11,0%	-7,4 %-stig	-

Icelandair Group hefur innleitt IFRS 15 í reikningsskil sín frá og með 1. janúar 2018 og beitir staðlinum afturvirk. Meginregla IFRS 15 er sú að samkvæmni skal vera á milli þess tímabils sem tekjufærsla á sér stað og þess tíma sem þjónustan er veitt. Þetta hefur í för með sér seinkun á tekjufærslu ákveðinna tekna frá því sem áður var eins og breytinga- og bókunargjalda sem voru áður tekjufærð þegar bókun eða breyting fór fram en eru nú tekjufærð samhliða því flugi sem var verið að bóka eða breyta. Staðallinn tekur einnig til reikningshaldslegrar meðferðar þess kostnaðar sem fellur til við öflun tekna. Staðallinn heimilar að gjaldfærslu sé seinkað og hún fari fram samhliða og í því hlutfalli af þeirri þjónustu sem er verið að veita. Þetta tekur t.a.m. til gjaldaliða eins og bókunargjalda og korta- og sölubóknana. Þannig hefur samanburðarjánhæðum ársins 2017 verið breytt eins og félagið hefði innleitt staðallinn frá 1. janúar 2017. Breytingarnar eru útskýrðar nánar í árshlutareikningnum.

Þúsundir USD	Alþjóðlegur flugrekstur		Eignarhlutir í flugrekstri		Eignarhlutir í ferðabjónustu	
	2. ársfj. 2018	2. ársfj. 2017	2. ársfj. 2018	2. ársfj. 2017	2. ársfj. 2018	2. ársfj. 2017
Tekjur	297.214	277.573	47.718	38.783	53.974	50.944
EBITDAR	11.739	36.760	10.659	7.657	5.880	4.087
EBITDA	8.429	34.734	4.561	4.016	1.703	1.825
EBT	-34.573	13.273	3.233	-1.116	-140	-412

Alþjóðlegur flugrekstur

EBITDA nam 8,4 milljónum USD á fjórðungnum samanborið við 34,7 milljónir USD á síðasta ári. Lægri farþegatekjur vegna þrýstings á meðalverð og lægri sætanýtingu ásamt einskiptiskostnaði samhliða töliverðu raski í flugáætlun hjá Icelandair skýra lakari afkomu á milli ára. Breyttar áherslur í tekjustýringu sem miðuðu að því að auka tekjur með því að tryggja framboð á sætum fyrir víska markhópa sem bóka hærrí fargjöld með skemmri fyrirvara skiluðu ekki tilætuðum árangri. Flug var hafið til 6 nýrra áfangastaða í Bandaríkjunum. Bókanir á þessa staði hafa verið lakari en ráðgert var sem skýrir m.a. lakari sætanýtingu á milli ára. Sætanýting á áfangastaði félagsins í Evrópu var aftur á móti mjög góð og umfram væntingar.

Eignarhlutir í flugrekstri:

Heildartekjur jukust um 23% á milli ára. Rekstur Loftleiða gekk mjög vel í fjórðungnum og var félagið með þremur fleiri vélum í verkefnum en á sama tíma á síðasta ári. Rekstur Air Iceland Connect batnaði á milli ára. Má rekja það til aðgerða sem gripið var til fyrir á þessu ári. Hætt var að fljúga á milli Keflavíkur og Akureyrar og til Belfast og Aberdeen í maí mánuði.

Eignarhlutir í ferðapjónustu:

Veltuaukning var 6% en EBITDA lækkaði lítillega á milli ára í kjölfar versnandi markaðsaðstæðna í ferðapjónustu á Íslandi.

TEKJUR

- Heildartekjur jukust um 9% á milli ára á öðrum ársfjórðungi.
- Farþegatekjur jukust um 6% á milli ára.

Þúsundir USD	2. ársfj. '18	2. ársfj. '17	breyting	% breyting	% af tekjum
Flutningatekjur:	287.200	271.097	16.103	6%	72%
Farþegaflug	272.928	256.960	15.968	6%	68%
Vöru- og pósthlutningar	14.272	14.137	135	1%	4%
Flugvéla- og áhafnaleiga	29.574	20.432	9.142	45%	7%
Aðrar rekstrartekjur	82.132	75.771	6.361	8%	21%
Samtals	398.906	367.300	31.606	9%	100%

Heildartekjur jukust um 9% á milli ára en tekjuaukningin á föstu gengi er 6%. Flutningatekjur jukust um 16,1 milljón USD eða um 6% á milli ára. Í alþjóðlega leiðakerfinu jukust tekjur mest á N-Atlantshafsmarkaðinum. Einnig var aukning á heimamarkaðinum frá Íslandi. Tekjur lækkuðu á milli ára á ferðamannamarkaðinum til Íslands. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu jukust um 9,1 milljónir USD eða 45%. Skýrist það af auknum umsvifum í leiguflygsverkefnum. Aðrar rekstrartekjur námu 82,1 milljón USD og jukust um 6,4 milljónir USD eða um 8% miðað við annan ársfjórðung 2017. Tekjur af ferðapjónustu lækkuðu á milli ára um 1,6 milljónir USD. Sjá sundurliðun annarra rekstrartekna í töflunni hér fyrir neðan:

Þúsundir USD	2. ársfj. '18	2. ársfj. '17	Breyting	% breyting
Vörusala á hótélum, flugvöllum og flugvélum	32.360	25.522	6.838	27%
Tekjur af ferðapjónustu	34.970	36.522	-1.552	-4%
Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt	6.940	5.246	1.694	32%
Seld viðhaldspjónusta	811	1.097	-286	-26%
Söluhagnaður / tap fastafjármuna	116	-70	186	-266%
Aðrar rekstrartekjur	6.935	7.454	-519	-7%
Samtals	82.132	75.771	6.361	8%

KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður nam 384,2 milljónum USD.
- Helstu skýringar á auknum kostnaði er hækkun á eldsneytisverði, aukið umfang og einskíptiskostnaður vegna truflana í flugáætlan.

Púsundir USD	2. ársfj. '18	2. ársfj. '17	Breyting	% breyting	% af kostn.
Laun og annar starfsmannakostnaður	144.985	125.787	19.198	15%	38%
Flugtengdur kostnaður	142.475	115.838	26.637	23%	37%
Annar rekstrarkostnaður	96.753	85.100	11.653	14%	25%
Samtals	384.213	326.725	57.488	18%	100%

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður námu 145,0 milljónum USD samanborið við 125,8 milljónir USD á öðrum fjórðungi síðasta árs. Skýrist hækkunin að stærstu leyti af auknu umfangi rekstrarins og samningsbundnum launahækkunum. Hér að neðan má sjá skýringar á hækkun launakostnaðar á milli ára.

Laun og annar starfsmannakostn. Q217	125.787
Samningsbundnar launahækkunir	7.516
Breyting í fjölda stöðugilda	9.946
Gengisáhrif	-0.721
Annað	1.586
Laun og annar starfsmannakostn. Q218	144.985

Tölur eru í USD þúsundum

Flugtengdur kostnaður nam alls 142,5 milljónum USD og jókst um 26,6 milljónir USD, að langmestu leyti vegna hærri eldsneytiskostnaðar.

Púsundir USD	2. ársfj. '18	2. ársfj. '17	Breyting	% breyting	% af heildark.
Eldsneytiskostnaður	77.340	60.484	16.856	28%	20%
Flugvéla-leiga	8.870	5.238	3.632	69%	2%
Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld	36.626	31.863	4.763	15%	10%
Viðhaldskostnaður flugvéla	19.639	18.253	1.386	8%	5%
Samtals	142.475	115.838	26.637	23%	37%

Eldsneytiskostnaður nam samtals 77,3 milljónum USD og jókst um 28% frá sama tíma í fyrra. Uppgjörsvörð félagsins að teknu tilliti til varna á fjórðungnum var að meðaltali 616 USD/tonn, sem er 29% hækkun á milli ára. Yfirlit yfir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok júní er dregið fram í kaflanum „Horfur í rekstri Icelandair Group hf. og afkomuspá“ hér á eftir. Flugvéla-leiga nam 8,9 milljónum USD og jókst um 3,6 milljónir USD í samanburði við annan ársfjórðung 2017 vegna fleiri véla á leigu en í fyrra. Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld námu 36,6 milljónum USD og jukust um 15%. Viðhaldskostnaður nam 19,6 milljónum USD og hækkaði um 8%.

Annar rekstrarkostnaður nam 96,8 milljónum USD og jókst um 11,7 milljón USD á milli ára. Stærstur hluti hækkunarinnar á milli ára skýrist af auknum þjónustukostnaði við flugfarþega sem er tilkominn vegna talsverðs rasks í flugáætlun félagsins á fjórðungnum, m.a. vegna seinkunar á innleiðingu flugvéla, veðurfars, bilana o.fl. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Púsundir USD	2. ársfj. '18	2. ársfj. '17	Breyting	% breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	9.383	7.342	2.041	28%
Samskiptakostnaður	8.128	6.721	1.407	21%
Auglýsingakostnaður	7.500	6.730	770	11%
Bókunargj., kreditkortþókn. og umboðslaun	16.575	16.304	271	2%
Kostnaðarverð seldra vara	8.366	7.361	1.005	14%
Þjónusta við farþega og hótलगesti	13.862	8.831	5.031	57%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	22.216	22.731	-515	-2%
Breyting á niðurfærslu krafna	899	360	539	150%
Annar rekstrarkostnaður	9.824	8.720	1.104	13%
Samtals	96.753	85.100	11.653	14%

FJÁRMAGNSLIÐIR

- Gengisáhrif voru neikvæð um 7,8 milljónir USD á 2. ársfjórðungi.
- Á fyrstu sex mánuðum ársins eru gengisáhrifin neikvæð um 3,0 milljónir USD.

Þúsundir USD	2. ársfj. '18	2. ársfj. '17	breyting	% breyting
Fjármagnstekjur	579	1.587	-1.008	-64%
Fjármagnsgjöld	-4.730	-4.343	-387	9%
Gengisáhrif	-7.824	4.715	-12.539	-
Samtals	-11.975	1.959	-13.934	-

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir námu 1,7 milljörðum USD í lok annars ársfjórðungs.
- Eiginfjárlutfall var 32%.
- Handbært fé og markaðsverðbréf námu 250,8 milljónum USD.

Þúsundir USD	30.06.2018	31.12.2017	Breyting
Heildareignir	1.655.936	1.423.842	232.094
Rekstrarfjármunir	672.853	652.705	20.148
Handbært fé og markaðsverðbréf	250.834	225.278	25.556
Eigið fé	529.744	596.545	-66.801
Vaxtaberandi skuldir	343.333	289.541	53.792
Nettó vaxtaberandi skuldir	92.499	64.263	28.236
Eiginfjárlutfall	32%	42%	-10 ppt
Veltufjárlutfall	0,99	0,99	0%

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 672,9 milljónum USD og jukust um 232,1 milljón USD frá ársbyrjun. Stjórnendur félagsins hafa ákveðið að selja hótélrekstur þess í kjölfar þess að ákvörðun var tekin um að leggja aukna áherslu á kjarnastarfsemi félagsins, þ.e. flugrekstur. Eignir tengdar hótélrekstri eru nú skilgreindar sem eignir til sölu. Frekari upplýsingar um áhrif breytingarinnar má sjá í skýringu 6 í árshlutauppgjörinu.

Umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum er að finna í kaflanum um sjóðsstreymi og fjárfestingar hér á eftir. Í lok fjórðungsins voru 52 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 41 í eigu félagsins.

Flugvélagærð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Air Iceland Connect	Flugfloti 30.06.18	Flugfloti 31.12.17	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.17
B757-200	24	2	5		31	29	27	4	2
B757-300	2				2	1	2		1
B737 MAX 8	3				3	0	2	1	3
B767-300	4		2		6	6	4	2	0
B737-700			1		1	1		1	0
B737-800			3		3	3		3	0
Bombardier Q200				3	3	3	3		0
Bombardier Q400				3	3	3	3		0
Total	33	2	11	6	52	46	41	11	6

Eigið fé nam 529,7 milljónum USD í lok júní og eiginfjárlutfallið var 32%. Sjá helstu breytingar á eigin fé frá áramótum í töflunni hér fyrir neðan:

Þúsundir USD	30.06.2018
Eigið fé 1.1. 2018	591.535
Áhrif vegna IFRS 15	5.010
Kaup á eigin bréfum	-7.485
Afkoma tímabilsins	-52.062
Arðgreiðsla (0.15 US cent á hlut)	-7.254
Eigið fé 30.06. 2018	529.744

Vaxtaberandi skuldir námu 343,3 milljónum USD, samanborið við 289,5 milljónir USD í ársbyrjun. Hækkunin skýrist að mestu leyti af lántökum vegna kaupa á tveimur 737 MAX vélum. Afborganir langtímaskulda á öðrum ársfjórðungi námu 1,6 milljónum USD. Handbært fé og markaðsverðbréf námu 250,8 milljónum USD í lok fjórðungsins.

Þúsundir USD	30.06.2018	31.12.2017	Breyting
Vaxtaberandi langtímaskuldir	328.641	280.254	48.387
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	14.692	9.287	5.405
Markaðsverðbréf	13.662	4.087	9.575
Handbært fé	237.172	221.191	15.981
Nettó vaxtaberandi skuldir	92.499	64.263	28.236

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- **Handbært fé frá rekstri nam 60,1 milljón USD.**
- **Handbært fé í lok júní var 241,1 milljón USD.**
- **Fjárfestingar námu alls 54,7 milljónum USD.**

Þúsundir USD	2. ársfj. '18	2. ársfj. '17	Breyting
Handbært fé frá rekstri	60.062	90.801	-30.739
Fjárfestingahreyfingar	-60.861	-51.297	-9.564
Fjármögnunarahreyfingar	52.412	-6.416	58.828
Handbært fé, breyting	51.613	33.088	18.525
Handbært fé í lok tímabils	241.058	336.022	-94.964

Handbært fé frá rekstri á öðrum ársfjórðungi nam 60,1 milljón USD og var 30,7 milljónum USD lægra en á öðrum ársfjórðungi 2017. Fjárfestingar á fjórðungnum námu alls 54,7 milljónum USD, þar af var 26,1 milljón USD vegna flugvéla og fylgihluta. Kostnaður við hreyflayfirhöl eigin véla nam alls 21,5 milljónum USD og aðrar fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum, aðallega fjárfestingar í hótélrekstri á Mývatni og nýjum flughermi, námu 6,1 milljón USD.

Þúsundir USD	2. ársfj. '18
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	26.115
Hreyflayfirhöl eigin vélar	21.500
Aðrar fjárfestingar	6.072
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	53.687
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	166
Óefnislegar eignir	854
Fjárfestingar samtals	54.707

HORFUR Í REKSTRI OG AFKOMUSPÁ 2018

- **Tekjuspá Icelandair lækkar fyrir seinni hluta ársins**
- **Icelandair gengur í gegnum miklar breytingar**
- **Samkeppnisstaða Íslands sem áfangastaðar hefur versnað**

Alþjóðaflugrekstur

Núverandi horfur Icelandair til skemmri tíma eru lakari en áður var gert ráð fyrir. Samkeppni er mikil á öllum mörkuðum félagsins ásamt því að aðföng í flugrekstri hafa hækkað. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti í lok júlí er um 44% hærra en það var á sama tíma á síðasta ári. Framboð flugferða yfir Norður-Atlantshafið hefur aukist mikið á stuttum tíma og þá einkum framboð lággjaldaflugfélaga. Markaðshlutdeild þeirra á hafinu hefur farið úr 0,5% árið 2012 í yfir 9% árið 2017. Þá fljúga 27 flugfélög til og frá Íslandi sumarið 2018 og hafa aldrei verið fleiri. Fargjaldahækkningar hafa því ekki náð vega upp kostnaðarhækkningar í þeim mæli sem félagið gerði ráð fyrir.

Í tilkynningu félagsins eftir uppgjör 1. ársfjórðungs kom fram að mikil óvissa ríkti um tekjuspá ársins. Stjórnendur félagsins gerðu ráð fyrir að meðalfargjöld færu hækkanði þegar liði á árið til að mæta auknum kostnaðarhækkunum. Áherslum var breytt í tekjustýringu, meðal annars til að tryggja framboð á sætum fyrir vissa markhópa sem bóka hærri fargjöld með skemmri fyrirvara. Í byrjun júlí var ljóst að þessar áætlanir myndu ekki ganga eftir með þeim hætti sem að var stefnt. Enn ríkir óvissa um verðþróun á helstu mörkuðum á seinni hluta ársins ásamt því að bókanir eru undir áætlaðri framboðsaukningu. Tilkynning var send á Kauphöll 8. júlí sl. þar sem fram kom að meðal annars af þessum sökum þyrfti að lækka tekjuspá fyrir seinni hluta ársins töluvert og EBITDA spá fyrir Icelandair Group lækkuð í 120-140 milljónir USD.

Félagið gengur í gegnum miklar breytingar um þessar mundir; á skipulagi, starfsemi, flotauppbyggingu og leiðakerfi. Eftir viðamikla greiningarvinnu á vormánuðum á starfsemi, stefnu og áherslum til framtíðar sem m.a. var unnin í samstarfi við um 600 starfsmenn var nýtt skipurit kynnt um miðjan júlí sem hefur það að markmiði að skerpa betur á áherslum félagsins í sölu- og markaðsmálum annars vegar og þjónustu við viðskiptavinum hins vegar. Fyrstu þrjár B737 MAX vélarnar af þeim sextán sem félagið hefur fest kaup á eru komnar í rekstur og er rekstrarhagkvæmni þeirra í samræmi við væntingar. Uppbygging nýs tengibanka á Íslandi meðfram núverandi tengibanka leiðakerfisins fyrir árið 2019 er nú í skoðun og verður kynnt á næstu vikum.

Eignarhlutir í flugtengdri starfsemi

Horfur í leiguflugstarfsemi Loftleiða Icelandic eru góðar á seinni hluta ársins 2018. Rekstur ferðaskrifstofunnar Vita hefur gengið vel og er gert ráð fyrir að áframhald verði á því á seinni hluta ársins. Air Iceland Connect er með sex flugvélar í rekstri árið 2018. Rekstur félagsins er krefjandi og hagræðingaraðgerðir hafa verið gerðar til að bæta afkomuna. Flug í Bombardier Q400 flugvélum milli Keflavíkur og Akureyrar var hætt frá miðjum maí ásamt því að félagið hætti að fljúga til áfangastaða í Bretlandi, en þeir hafa verið tveir, Aberdeen og Belfast. Félagið einbeitir sé nú að innanlandsflugi og flugi milli Íslands og Grænlands. Jafnframt er unnið að frekari samþættingu Air Iceland Connect við Icelandair.

Eignarhlutir í ferðaþjónustu

Á undanförunum misserum hefur samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar versnað. Verðviðkvæmni gætir meðal gesta, sem eyða minna en áður. Þrátt fyrir þetta er útlit í starfsemi Icelandair Hotels gott fyrir árið 2018 og er gert ráð fyrir að afkoman batni á milli ára samfara aðhaldi í rekstri og áherslu á sjálfvirknivæðingu samhliða einföldun vinnuferla. Í Kauphallartilkynningu sem send var út 18. maí kemur fram að Icelandair Group hefur hafið söluferli á hótellekstrinum og tengdum eignum. Við ferlið verður horft til þess að hámarka virði eignanna á sama tíma og horft verður til hagsmuna íslenskrar ferðaþjónustu, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila. Rekstrarhorfur Iceland Travel hafa versnað á

árinu í kjölfar versnandi markaðsaðstæðna í ferðaþjónustu á Íslandi. Dvalarlengd ferðamanna á Íslandi hefur styst og samsetning ferðamanna hefur breyst með aukinni hlutdeild lággjaldaflugfélaga til landsins ásamt mikilli aukningu íbúða í útleigu hjá aðilum á boroð við Airbnb. Iceland Travel hefur nú þegar gripið til mótvægisáðgerða. Sala er hafin á nýjum þjónustuleiðum fyrir breytta samsetningu ferðamanna eins og t.d. styttri ferðir ásamt því að stöðugildum hefur verið fækkað og nýtt skipurit innleitt sem auka á sveigjanleika. Þá er mikil áhersla á notkun stafrænna lausna sem félagið hefur fjárfest mikið í á síðastliðnum árum til að auka framleiðni.

Afkomuspá

Verð á þotueldsneyti (án tillits til varna) er áætlað 715 USD/tonn að meðaltali á seinni hluta ársins 2018, samanborið við 670 USD/tonn í afkomuspánni sem gefin var út í lok apríl. Að teknu tilliti til varna má gera ráð fyrir að 10% hækkun á eldsneytisverði hafi neikvæð áhrif á EBITDA að fjárhæð USD 8,6 milljónir. Staða eldsneytisvarna í lok júní er dregin fram í töflunni hér á eftir.

Tímabil	Áætluð notkun (tonn)	Skiptasamningar	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamn. USD
Júl18	50.686	26.650	53%	524
Ágú 18	50.868	27.650	54%	544
Sep 18	44.856	24.550	55%	574
Okt 18	37.594	18.500	49%	560
Nóv 18	33.685	15.450	46%	574
Des 18	31.878	16.450	52%	587
Jan 19	30.606	15.250	50%	621
Feb 19	27.313	12.250	45%	625
Mar 19	31.358	15.250	49%	622
Apr 19	31.857	15.000	47%	630
Maí 19	42.547	19.000	45%	621
Jún 19	49.967	24.000	48%	683
12 mánuðir	463.215	230.000	50%	592*
Júl 19	53.141	8.000	15%	676
Ágú 19	53.331	4.000	8%	679
Sep 19	45.727	4.000	9%	735
Okt 19	38.320	4.000	10%	713
Nóv 19	34.335	4.000	12%	699
Des 19	32.494	0	0%	-
13-18 mánuðir	257.349	24.000	9%	697*

* Vegið meðalverð

Uppfærðar forsendur gera ráð fyrir að gengisvísitala ISK sé að meðaltali 164 það sem eftir lifir árs samanborið við 158 í síðustu spá og gengi EUR gagnvart USD er spáð að meðaltali 1,18 á tímabilinu júlí – desember samanborið við 1,23 í apríl spánni. EBITDA spá fyrir árið er 120-140 milljónir USD.

Langtímahorfur

Flugrekstur er í eðli sínu sveiflukenndur rekstur og margir utanaðkomandi þættir geta haft áhrif á afkomu í greininni, svo sem þróun gjaldmiðla og eldsneytisverðs. Auk þess sem breytingar í samkeppnisumhverfinu hafa veruleg áhrif. Að mati stjórnenda félagsins er árið 2018 um margt óvenjulegt rekstrarár og félagið gerir ráð fyrir að skila mun betri afkomu til lengri tíma litið. Ástæður þess eru m.a.:

- Nýlegum áherslubreytingum á skipulagi félagsins er ætlað að tryggja betri skilvirkni í sölu og þjónustu við viðskiptavini.

- Félagið er að innleiða nýja og hagkvæmari flugvélategund. Nýju vélarnar eru mun hagkvæmari en eldri vélar í flota félagsins bæði hvað varðar eldsneyti og viðhald. Miðað við núverandi eldsneytisverð þá mun afkoma félagsins styrkjast við innleiðingu nýju vélanna.
- Á síðustu tveimur árum hefur verð á þotuelsneyti hækkað um ríflega 60%. Á sama tíma hafa fargjöld farið lækkandi á mörgum mörkuðum félagsins. Stjórnendur félagsins telja að núverandi aðstæður geti ekki haldist óbreyttar og að meiri agi skapist varðandi framboð flugfélaga á næstunni og fargjöld hækki að einhverju leyti í takt við kostnaðarhækkunir. Nýlegar afkomutilkynningar flugfélaga austanhafs og vestan renna stöðum undir þessa sviðsmynd.
- Í sögulegu samhengi er raungengi íslensku krónunnar sterkt um þessar mundir og er það farið að hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni útflutningsgreina. Það er mat stjórnenda félagsins að til lengri tíma muni íslenska krónan veikjast eitthvað og mun það hafa jákvæð áhrif á afkomu þess þar sem kostnaður í íslenskum krónum er mun hærri en tekjur.

Félagið stefnir að því frá og með árinu 2019 að skila að meðaltali yfir 7% EBIT hlutfalli á ári til lengri tíma litið. Samkvæmt langtímaspám félagsins er gert ráð fyrir að ofangreindir þættir hafi jákvæð áhrif á meðaltalsafkomu (EBIT %) næstu ára sem hér segir:

Innri þættir	Áhrif á EBIT
Hækkun einingatekna vegna skilvirkari sölustarfsemi og tekjustýringar	2,0-2,5%
Lækkun kostnaðar m.a. vegna nýrrar flugvélategundar	2,5-3,0%
Samtals	4,5-5,5%
Ytri þættir	
Hækkun einingatekna vegna hærri meðalverða á mörkuðum	1,5-2,0%
Bætt afkoma vegna veikingar íslensku krónunnar	2,0-2,5%
Samtals	3,5-4,5%
Innri og ytri þættir alls	8,0-10,0%

Auk ofangreindra þátta er félagið að vinna í fjölmörgum öðrum þáttum í þeim tilgangi að hagræða í rekstri og auka tekjur. Þar má nefna sjálfvirknivæðingu, samþættingu, útvistun og þróun leiðarkerfis til að auka nýtingu starfsfólks, flugflota og annarra rekstrarfjármuna.

KYNNINGARFUNDUR 1. ÁGÚST 2018

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn miðvikudaginn 1. ágúst 2018 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30 í sal 2. Morgunverður í boði frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/webcast-next/>

SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors annars ársfjórðungs 2018 var samþykktur á stjórnarfundi þann 31. júlí 2018.

FJÁRHAGSDAGATAL

- **Uppgjör 3. ársfjórðungs – 30. október, 2017**
- **Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2019**
- **Aðalfundur – vika 10, 2019**

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455

Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801